

Ed.

765. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlags.

Mál þetta hefir verið stöðugt á dagskrá þjóðarinnar undanfarin ár, og óhætt mun að fullyrða, að það sje alþjóðarkrafa að því verði á þessu þingi ráðið til lykta á viðunanlegan hátt.

Ýmsar eru þær breytingar, sem nálega allir munu nú orðnir sammála um, að gera þurfi á stjórnarskránni. Má þar til nefna afnám konungkjörinna þingmanna og rýmkun kosningarrjettarins. Hitt hefir aftur verið meiri ágreiningur um, hvernig skipa skyldi efri deild, þegar konungkjörnir þingmenn eru úr sögunni, og eins það, hvað langt skyldi farið í rýmkun kosningarrjettarins. Hafa margir bundið þessi tvö atriði þannig saman, að þeir hafa talið nauðsynlegt að fengin yrði stöðvun í skipun efri deildar, ef kosningarrjetturinn yrði rýmkaður að mun, svo að ekki þyrfti að óttast snöggar breytingar eða byltingar við það, að svo margir nýir menn fengju kosningarrjett. En þess ber þó jafnan að gæta, að stöðvun þessi verði ekki svo mikil, að hún hefti eðlilegan þroska þjóðlifsins.

Í frumvarpi því, sem hjer ræðir um, er öllum, jafnt konum sem körlum, ætlaður kosningarrjettur. Telur nefndin enga ástæðu til að kynferði ráði kosningarrjetti, og telur ekki mega draga að taka þessa jafnrjettiskröfu kvenfólksins til greina. Annmarki sá er þó á ákvæðunum um kosningarrjettinn, að þeir sem ekki hafa þennan rjett nú, fá hann fyrst allir og að fullu eftir að 15 ár eru liðin frá staðfestingu stjórnarskrárinnar. Nefndin telur þetta að visu óeðlilega takmörkun á kosningarrjettinum, en þykir atriði þetta þó ekki

skifta svo miklu máli, að hún þess vegna vilji ráða til að fella frumvarpið, en hins vegar engin von til, að þessu yrði breytt í háttvirtri neðri deild.

Skipun efri deildar er þannig fyrirkomid samkv. frumvarpinu, að i henni eiga sæti 6 menn, kosnir hlutfallskosningu um land alt, til 12 ára og komi þeir i stað hinna konungkjörnu; en að öðru leyti eiga 8 þjóðkjörnir menn sæti i deildinni, kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og nú á sjer stað. Helmingur hinna hlutfallskosnu þingmanna fer frá sjötta hvert ár og þingrof hefir ekki áhrif á þá. Auk þess er kosningarrjettur til efri deildar bundinn við 35 ára aldur. Nefndin litur svo á, að með þessari skipun efri deildar sje fengin nægileg stöðvun i þingið, og telur það kost á þessu fyrirkomulagi, að ekki þarf að breyta kjördæmum i landinu, sem jafnan mundi valda mjög miklum erfðleikum. Hins vegar verður ekki sjeð nein sjerstök ástæða til að binda kosningarrjettinn til efri deildar við hærri aldur.

Nefndin er sammála háttv. neðri deild um það, að ekki eigi að fastá- kveða i stjórnarskránni, að islensk mál skuli borin upp fyrir konungi i rikis- ráði, og getur felt sig við ákvæði 1. greinar frumvarpsins um þetta atriði.

Þá eru enn ýms ný ákvæði tekin upp i frumvarpið, og skulu þessi hjer nefnd:

1. Tölu ráðherra má breyta með lögum.
2. Meiri hluti beggja deilda getur krafist þess, að aukaping sje kallað saman.
3. Alþingi kys 3 yfirskoðunarmenn með hlutfallskosningu.
4. Sambandinu milli kirkju og rikis má breyta með lögum.
5. Heimilisfesta innanlands er skilyrði fyrir kjörgengi.
6. Dómarar, sem ekki hafa umboðsstörf með höndum, eru ekki kjörgengir.
7. Leita skal atkvæðis allra kosningabærra manna um breytingu á samband- inu milli Danmerkur og Íslands, sem Alþingi samþykkir.

Að því er 4 fyrstu ákvæðin snertir, þá er nefndin sammála um, að þau sjeu til bóta, 5. og 7. atriðið er nokkur ágreiningur um, er skýrt verður frá i framsögunni, og 6. atriðið telur nefndin óheppilegt, en þykir það þó ekki skifta svo miklu máli, að rjett sje að málið nái ekki fram að ganga fyrir því.

Yfir höfuð litur nefndin svo á, að þó ýmislegt megi með rjettu finna að frumvarpi þessu, þá sjeu i því fólgnar svo miklar rjettarbætur, að rjett sje að samþykkja það. Ördugt mun og reynast að afgreiða þannig lagað frum- varp frá þinginu, að allir sjeu ánægðir með það. Ágreiningur hlýtur alt af að rísa af ýmsum ákvæðum, sem eiga heima i stjórnarskránni, og verður því að una við það, ef meginatriðin eru þannig að vel fari.

Samkvæmt ofanrituðu leggur nefndin til að frumvarpið verði sam- þykkt óbreytt.

Nefndin tekur fram, að hún hefir að eins haft mjög litinn tíma til að ihuga frumvarp þetta, og hefir ekki verið unt að rita eins ítarlegt nefndarálit og skyldi, en i framsögunni mun gerð grein fyrir öllum aðalatriðum málsins.

Efri deild alþingis 6. septbr. 1913.

Björn Þorláksson,
formaður.

Sig. Eggers,
skrifari og framsm.

Þórarinn Jónsson. Jón Jónatansson. Guðjón Guðlaugsson.